

## Verklagsreglur um viðbrögð við tilkynningu og kvörtun um einelti, kynferðislega áreitni og annað ofbeldi.

Starfsfólk, nemendur og aðrir sem sem með einhverjum hætti taka þátt í starfsemi Retor skulu koma fram við hvort annað af tilitssemi og virðingu. Einelti, kynbundin og kynferðisleg áreitni og annað ofbeldi er ekki liðin af Retor.

### Markmið

Markmið þessara verklagsreglna er að koma upp formlegu ferli varðandi ágreiningsmál og þær leiðir sem nemendur og starfsmenn hafa til þess að leita réttar síns telji þeir á sér brotið.

### Hugtök:

Retor styðst við skilgreiningu reglugerðar nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum.

*Einelti:* Síendurtekin hegðun sem almennt er til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir henni verður, svo sem að gera lítið úr, móðga, særa eða ógna viðkomandi eða að valda honum ótta. Skoðanaágreiningur eða ágreiningur vegna ólíkra hagsmuna fellur ekki hér undir.

*Kynbundin áreitni:* Hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi fyrir viðkomandi.

*Kynferðisleg áreitni:* Hvers kyns kynferðisleg hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknað og/eða líkamleg.

*Ofbeldi:* Hvers kyns hegðun sem leiðir til, eða gæti leitt til, líkamlegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir henni verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis.

### Tilkynning:

Aðili sem telur sig hafa orðið fyrir einhverri af þeirri ósæmilegu hegðun sem lýst er hér að ofan af hálfu samnemanda, starfsmanns eða öðrum sem tekur þátt í starfsemi Retor er eindregið hvattur til þess að tilkynna slíka hegðun.

Einnig eru þau sem hafa orðið vitni að slíkri hegðun hvött til að tilkynna um það.

Tilkynna skal slíka hegðun til framkvæmdastjóra eða skólastjóra.

### Málsmeðferð

Retor tekur allar slíkar tilkynningar alvarlega. Skrá skal allar tilkynningar og málsmeðferð. Þegar tilkynning berst frá vitni skal boða þolanda á fund og kanna afstöðu viðkomandi til kvörtunarinnar. Ef málið er sett í formlegt ferli skal tilkynna meintum geranda/gerendum skriflega um að kvörtun hafi borist og að málið sé til skoðunar.

Grípa skal til viðeigandi ráðstafana er varða náms eða vinnutilhögun aðila málsins, skal slíkt gert í samráði við aðilana. Slíkar ráðstafanir geta ýmist verið tímabundnar á meðan málið er í skoðun eða varanlegar. Ef þörf er á, leitar Retor til viðeigandi sérfræðinga til að taka á málinu. Þegar við á skal aðilum máls boðin stuðningur s.s. aðstoð sálfræðinga eða annarra meðferðaraðila.

Boða skal aðila máls (meintum geranda/gerendum og þolanda/þolendum) á fund hverjum í sínu lagi. Gera skal aðilum málsins grein fyrir ferli málsins og að frásögn þeirra verði skráð. Þá skal aðilum málsins einnig gert grein fyrir því að í einhverjum tilvikum verði atvik sem tilgreind eru í kvörtuninni borin undir aðra aðila málsins og vitni ef við á. Á fundinum gefst aðilum málsins tækifæri til að gera grein fyrir þeirra upplifun af atvikum er málið varða.

Þegar niðurstaða liggur fyrir í málinu skal boða alla aðila máls, hverjum í sínu lagi aftur á fund og kynna þeim niðurstöðuna, viðurlög og úrbætur. Aðilar máls hafa 30 daga frá þessum fundi til þess að gera athugasemdir. Ef engar formlegar athugasemdir eru gerðar þá telst málinu lokið.

Ef aðilar málsins gera formlegar athugasemdir, þá er málið aftur sett í ferli og komið með tillögu að frekari úrbótum og eða viðurlögum.

Gæta skal að jafnræði og meðalhófi við málsmeðferðina.

### **Viðurlög og úrbætur**

Ef tilkynningin um hegðunina er á rökum reist og staðfest í þessu formlega ferli þá getur það varðað áminningu eða brottrekstri úr starfi eða námi. Ef hegðunin kemur frá öðrum en starfsmanni eða nemanda verður þeim aðila meinaður aðgangur að húsnæði skólans.

Einnig skal meta hvort þörf er að bregðast við með almennum fyrirbyggjandi aðgerðum til þess að reyna að koma í veg fyrir að sambærileg atvik endurtaki sig síðar.

20. nóvember 2024